

Fálkasetur Íslands

-fundargerð-

20. fundur stjórnar Fálkaseturs Íslands er símafundur, haldin þriðjudaginn 14. apríl 2015 kl. 14:00. Mættir eru Hjörleifur, Aðalsteinn, Sverrir, Daði Lange og Ari Páll.

Gengið var til dagskrár:

1. Fræðsludagskrá

Hugmynd um að hafa kynningu á Theodóri og Fálkasetrinu við Bjarmaland í sumar var rædd. Hjörleifi falið að ræða við Guðlaug B. Aðalsteinsson um hvort og þá með hvaða hætti slíkt gæti orðið. Ef af verður þá er stefnt að þessum viðburði í kring um miðjan ágúst.

Fræðsla fyrir landverði er fyrirhuguð á tímabilinu 22.-26. júní því þá eru allir landverðir á staðnum. Líklegt er að Ólafur K. Nielsen verði á svæðinu og er stefnt að því að fá hann aftur ef hægt er. Annars munu aðrir meðlimir Fálkasetursins sjá um þá fræðslu.

Undanfarin ár hefur ein lengri ganga verið á dagskrá. Stefnt er að því að halda því áfram ef ekki verður fálkahreiður í Ásbyrgi.

2. Umsóknir

Fyrir liggja drög að umsókn í Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar, sem Hjörleifur hefur unnið. Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar við hana. Umsóknin fer í póst á morgun og athugasemdir varðandi stafsetningu og innslátt þurfa að berast fyrir lok vinnudags í dag.

3. Önnur mál

a) Rætt um reikning sem Fálkasetrinu hafði borist. Ara Páli falið að athuga með tilurð hans áður en greiðsla verður framkvæmd.

b) Margt bendir til að eggjum hafi verið stolið úr fálkahreiðrum í nágrenni Húsavíkur á síðustu árum. Rætt um leiðir til að stemma stigu við slíkum glæp.

Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:45.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson